

## Rannsóknir á Íslandi.

### Áskorun.

Í „Norðurlandi“ því, sem kom út 5. des. 1903, lætur séra Matthías Joehumsson þess getið, að hann hafi í æsku séð heilar hrúgur af skeljum í sandflögum uppi í Skógafjalli undir Vaðalfjöllum í Þorskafirði, nálæga 1800 ft. ífir sjávarmál. Ef „1800 ft.“ er ekki misprentað fyrir 180 ft., þá getur hér verið að ræða um nía og merkilega uppgötvun í jarðfræði Íslands, því sé Búlandshöfði tekinn undan, þar sem nokkuð sérstaklega hagar til, þá hafa ekki fundist hér á landi skeljar eða aðrar sjávardiraleifar meir en hér um bil 200 fet ífir sjó.

Skeljar í fjöllum 1800 fet ífir sjó hlitu að vera í blágrítisminduninni; væru þær þá eldri en nokkrar þær diraleifar, sem áður eru kunnar úr jarðlögum þessalands og mundi þessi athugun því hefja nitt tímabil í rannsóknarsögu stuðlabergsins íslenska; það væri nógu gaman ef þetta tímabil mætti kenna við slíkan stuðlameistara sem séra Matthías er.

Því miður er þó athugun þessi jafn ólíkleg og hún væri merkileg.\*

En „ekki dugir ófreistað“, og leifi ég mér því að skora á greinda og góða menn, sem búa nálægt Skógafjalli því sem nefnt var, að þeir láti mig vita, hvort þeir hafi séð skeljar þar uppi í fjöllum, og langbest væri að fá sinis-horn af skeljunum. Mundi slíkra manna verða getið opinberlega með þakklæti.

\*) Í nokkurri fjarlægð má vel villast á ímsum ljósleitum steinum og skeljabrotum; líka bera fuglar oft skeljar hátt upp frá sjávarmáli; beggja þessara atriða verður að gæta, þegar um slíkur athuganir er að ræða.

Enn fremur leifi ég mér að skora á menn um land alt, að þeir láti mig vita með fáum orðum, ef þeir hefðu rekið sig á skeljar eða aðrar sjódiraleifar *hærra en svo sem 200 fet ífir sjávarmál*. Gætu menn með slíku unnið gagn visindunum; en áriðandi er, að ekki sé sagt annað en það, sem menn vita *með vissu*, og það, sem eftir öðrum er haft, er sjaldan vert að senda burt.

Mjög merkileg jarðlög geta stundum verið ekki fjarri alfaravegi og þó öllum ókunn; svo var t. a. m. um skeljalagið í Búlandshöfða. Það er ekki með öllu óhugsanlegt, að áskorun þessi gæti orðið til þess, að greiður og glöggir menn litu fremur opnum augum á slíkt, sem áður var á drepíð; væri það bæði sjálfum þeim til sóma og eins gætu þeir þá, ef til vill, greitt eitthvað fyrir þeim, sem fast við að rannsaka þetta merkilega land; mundi ég fyrir mitt leiti ekki láta ógetið neins þess, er þetta gerði svo að gagni kæmi.

Ritstjórar þeir, sem vilja hlinna að rannsóknun á landinu, eru beðnir að gera svo vel að taka áskorun þessa í blöð sín eða leiða athigli manna að henni.

Reikjavík í febr. 1904.

*Helgi Pétursson.*